

**36. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
6. apríl 2016 og hófst hann kl. 17:30**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Ingibjörg Pálmaðóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1410137 - Mannréttindastefna - samráðshópar**

Umræður um umsagnir um fyrirhugaða stofnun samráðshóp í málefnum íbúa af erlendum uppruna.

*Ákveðið að halda fund með umsagnaraðilum um hugmyndir um samráðshóp í málefnum innflytjenda miðvikudaginn 13. apríl 2016 kl. 17 og boða umsagnaraðila um samráðshóp um málefni fatlaðra á fund ráðsins þann 20. apríl kl. 17. Haft verður samráð við stjórn FEBAN um fundartíma vegna samráðshóps um málefni aldraðra.*

**2. 1603057 - Starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi**

Á fundi sínum þann 10. mars s.l. samþykkti bæjarráð að skipa starfshóp um byggingu starfshóp um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi og fyrilliggjandi erindisbréf hópsins. Umræður um tillögur að fulltrúum í starfshópinn.

*Velferðar- og mannréttindaráð leggur til að starfshópurinn verði skipaður eftirfarandi fulltrúum:*

*Einar Brandsson, formaður  
Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir  
Ingibjörg Pálmaðóttir  
Gunnhildur Björnsdóttir*

*Starfshópurinn myndi kalla til starfsmenn og utanaðkomandi sérfræðinga eftir þörfum. Ákvörðun um skipan hópsins er vísað til bæjarráðs.*

**3. 1603140 - Klúbburinn Geysir - umsókn um styrk 2016**

Í brefi frá 22. mars 2016 óskar Klúbburinn Geysir, sem rekur endurhæfingarúrræði fyrir geðsjúka, eftir rekstrarstyrk frá Akraneskaupstað að fjárhæð kr. 100.000.

*Velferðar- og mannréttindaráð tekur jákvætt í erindið, en vísar því til bæjarráðs.*

**4. 1510080 - Jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar**

Á 26. fundi Velferðar- og mannréttindaráðs var fjallað um áætlun Akraneskaupstaðar um aðgerðir í jafnréttismálum. Borist hafa athugasemdir Jafnréttissofu við áætlunina og ábendingar um æskilegar breytingar á orðalagi 2. kafla mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar, sem liggur henni til grundvallar. Lagðar fram tillögur að breytingum á skjölunum, samkvæmt ábendingum


VG

Jafnréttisstofu.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrir sitt leyti framlagðar tillögur að breytingum á 2. kafla Mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar sem fjallar um jafnrétti kynjanna og Áætlun Akraneskaupstaðar um aðgerðir í jafnréttismálum 2015-2017.

Afgreiðslunni er vísað til staðfestingar bæjarstjórnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

  
Vilborg P. Guðbjartsdóttir  
Gunnhildur Þórhildardóttir